



Námsmarkmið fyrir BSc í sálfræði HR

Bakkalár gráða í sálfræði (BSc, fyrsti hringur, annað stig)

Mars 2009

Bakkalár gráða í sálfræði (BSc, fyrsti hringur, annað stig)

Bachelor gráða í sálfræði er þriggja ára nám (sex annir) sem metið er til 180 ECTS eininga samtals. Nemendur taka fimm námskeið, 30 ECTS einingar, á hverri önn. Undantekning er sjötta önnin, þar sem rannsóknarverkefni er metið sem tvö námskeið (12 ECTS). Kennsla á hverri önn fer fram í 15 vikur.

Á Íslandi gilda strangar reglur um starfsemi sálfræðinga. Lágmarks menntunarkröfur eru gerðar til þeirra sem starfa til að mynda sem klínískir sálfræðingar. Í þessum tilvikum þarf að minnsta kosti tveggja ára sérnám á meistarastigi til viðbótar við grunnnám. Bakkalár gráða í sálfræði við HR veitir nemandanum **ekki** rétt til starfa sem t.d. klínískur sálfræðingur. Námið veitir nemandanum innsýn inn í vísindi og starfsemi sálfræðinga.

BSc nám í sálfræði við Háskólann í Reykjavík er sérstaklega hannað til að koma til móts við ströngustu alþjóðlegar kröfur. Markmiðið er að nemendur öðlist sem víðtækustu viðurkenningu fyrir þá er síðar velja að nema eða starfa á Íslandi sem erlendis. Námið veitir nemandanum víðtækan grunn í öllum helstu undirgreinum sálfræðinnar. Auk þess að veita nemandanum þekkingu, er getur nýst honum í öllum þeim störfum sem sálfræði er nauðsynlegur bakgrunnur, veitir námið nemandanum góðan undirbúning fyrir framhaldsnám í sálfræði sem nauðsynlegt er til að geta starfað sem t.d. klínískur sálfræðingur. Við lok BSc náms í sálfræði skulu neðangreind viðmið vera uppfyllt.

Þekking og skilningur

Við lok námsins skal nemandinn hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- heila- og taugakerfi mannsins og tengsl þess við fjölbætta líkamlega og hugræna starfsemi
- samþættingu lífeðlisfræðilegra og sálfræðilegra ferla
- hvernig skilaboð berast innan taugakerfisins
- helstu stigum sálfræðilegs þroska frá fæðingu
- tilfinningarlegs og félagslegs þroska einstaklinga á lífsleiðinni
- helstu hugmyndum og kenningum um skynjun og vitsmuni
- tilraunaaðferðum og tækni í rannsóknnum á sálfræði og skynjun
- úrvinnslu á upplýsingum er varða nám, minni, hugsun og tungumál
- grundvallaratriði um nám einstaklinga og mismunandi tegundum skilyrðingarferla
- atferlisgreiningu og hvernig á að nota hana í tengslum við fjölbreytt vandamál í hegðun og aðstæðum einstaklinga
- helstu aðferðum og íhlutumum á sviði sálfræði
- mikilvægum sögulegum atburðum, straumum og stefnum í sálfræði
- helstu samtíðarmálefnum í sálfræðivísindum
- aðferðum og framkvæmd á rannsóknnum í sálfræði
- styrkleikum og veikleikum mismunandi rannsóknaraðferða
- notkun viðeigandi tölfræðiaðferða við greiningu gagna sem safnað hefur verið á mismunandi hátt
- ítarlegri úrvinnslu með notkun á SPSS forritinu
- siðfræðilegum álitaefnum í rannsóknnum í sálfræði
- gerð skýrslna með því að nota APA stíl við úrvinnslu heimilda
- öllu því ferli er felst í því að vinna við rannsókn, frá hugmynd að rannsókn til undirbúnings á rannsóknarskýrslu

Tegund þekkingar

Við lok námsins á nemandinn að hafa öðlast yfirgripsmikla þekkingu á:

- lífeðlisfræðilegum grunni hegðunar
- þroska einstaklingsins á lífsleiðinni
- ferli þekkingar í manneskjum og dýrum
- ferli skynjunar, upplifunar, minni, hugsunar og tungumáls
- sálfræðilegri nálgun á hegðunarvandamál einstaklinga
- sögulegum atburðum, straumum og stefnum í sálfræði
- siðfræðilegum þáttum í vísindum og starfi sálfræðinga
- tilraunum og öðrum rannsóknaraðferðum í sálfræði
- framsetningu rannsóknarniðurstaðna og vísindalegum skrifum

<p>Hagnýt færni</p> <p>Við lok námsins á nemandinn að hafa öðlast hagnýta færni til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beita gagnrýnni hugsun við meðhöndlun upplýsinga, fullyrðinga og atburða er snerta öll svið hegðunar • vinna sjálfstætt til að öðlast frekari þekkingu á sálfræði sem fræðigrein • nota viðeigandi aðferðir og greiningu í tengslum við ýmiskonar nálgun sem beitt er til að svara mikilvægum spurningum í sálfræði • framkvæma sjálfstæðar rannsóknir á hinum ýmsu sviðum sálfræðinnar • vinna faglega í samstarfi við aðra á sama sem og öðrum fagssviðum • þekkja og ráða við siðfræðileg álitafni í tengslum við sálfræðilega þekkingu og aðferðir
<p>Kenningarfræðileg færni</p> <p>Við lok námsins á nemandinn að hafa öðlast neðangreinda kenningarlega færni til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilgreinina hin ýmsu ferli, hlutverk og starfsemi þeirra innan helstu undirsviða sálfræðinnar • lesa, túlka og meta vísindalegar fullyrðingar og upplýsingar • skilja verðleika mismunandi gerða af þekkingu og reynslu • sýna mikinn skilning á kenningum og aðferðum sálfræðilegra mælinga • skilja verðleika og annmarka á kenningum er settar eru fram til að útskýra hegðun • skilja mismunandi vandamál og vera fær um að velja og útfæra lausnir • skilja hvernig ný þekking verður til í sálfræði • skipuleggja aðstæður og viðeigandi verkferli sem þarf til að byggja upp frumkvöðlastarf og skapa nýja þekkingu
<p>Samskiptahæfni og upplýsingalæsi</p> <p>Við lok námsins á nemandinn að hafa öðlast neðangreinda samskiptahæfileika og upplýsingalæsi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hæfileikann til að vinna í hópi og virða mismunandi skoðanir • hæfileikann til að deila þekkingu • hæfileikann til að meta verðmæti og áreiðanleika uppruna upplýsinga • hæfileikann til að meta upplýsingar og gögn • hæfileikann til að nálgast upplýsingar er snerta rannsóknir og nýjungar á sviði vísinda og starfsemi sálfræðinnar • hæfileikann til að koma á, skipuleggja og stýra framkvæmd á uppgötvun á nýrri þekkingu í sálfræði • hæfileikann til að miðla og útbreiða þekkingu, á töluðu sem rituðu máli
<p>Námsfærni</p> <p>Við lok námsins á nemandinn að hafa öðlast neðanverða námskunnáttu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • yfirgripsmikla þekkingu á sviði sálfræðinnar • hæfileikann til að framkvæma hlutlausa greiningu á fullyrðingum og frásögnum er viðkoma öllum sviðum hegðunar • hæfileikann til að miðla þekkingu á vísindum og aðferðum sálfræðinnar til annarra • skilning á faglegum og siðfræðilegum málefnum í ástundun á aðferðum sálfræðinnar og rannsóknum hennar